

Þegar hreinsa bar á Laugaveginum, þar sem hús áfrýjanda er. Þar sem þannig eigi verður álitid, að nein vanræksla hafi átt sér stað af hálfu hreinsunarmanns, og að það hins vegar hefir verið sök áfrýjanda, að eigi var hreinsað hjá honum, þá getur hann eigi skorast undan að greiða hið umkrafa gjald, en um upphæð þess hefir eigi verið neinn ágreiningur. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgerð, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 20 krónur.

Dví dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði og lögtaksgerð skal óraskað. Áfrýjandi Jón Jóhannsson greiði stefnda borgarstjóra Páli Einarssyni fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur 20 krónur í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 29. september.

Nr. 34/1913.

Réttvísinn

gegn

Tómasi Jónssyni, Jóni Jónssyni og Stefáni Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu 5. maí þ. á. voru hinir ákærðu bræður, Tómas Jónsson á Syðri-Hof-

döllum í Viðvíkurhreppi, Jón Jónsson húsmáður á Hamri í Rípurhreppi og Stefán Jónsson vinnumaður sama staðar, í máli, er höfðað var eftir skipun stjórnarráðsins gegn tveim hinum fyrnefndu fyrir sauðapjófnað og hinum síðastnefnda fyrir rangan framburð fyrir rétti, dæmdir, hinn fyrstnefndi samkvæmt 240. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. tilsk. 8. sept. 1841, 6. gr., til að sæta 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða $\frac{2}{8}$ sakarkostnaðar og 20 kr. í málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, Hallgríms prests Thorlacius í Glaumbæ, ákærði Jón Jónsson samkvæmt 250. gr. alm. hegningarlaga til að sæta 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða $\frac{2}{9}$ sakarkostnaðar og 8 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns, Jóns hreppstjóra Guðmundssonar á Sauðárkrók, og hinn síðastnefndi, ákærði Stefán Jónsson, samkvæmt 147. gr. alm. hegningarlaga til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða $\frac{1}{9}$ sakarkostnaðarins og 10 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns hans, Hallgríms prests Thorlacius í Glaumbæ.

Dómi þessum hefir eftir ósk hinna dómfeldu verið áfryjað til yfirdómsins.

Mál þetta var höfðað í héraði út af grunsemd, sem vaknað hafði gegn ákærða Tómasi Jónssyni haustið 1912 um að vera valdur að óleyfilegri afmörkun á lömbum og annari óráðvandlegri meðferð á eigum annara, en hann var sýknaður í aukaréttinum af flestum kæruatriðunum, og með því málinu hefir ekki verið áfryjað af hálfu réttvísinnar, koma þau atriði, er hann var sýknaður af í aukaréttinum, ekki til álita fyrir yfirdóminum. Það sakaratriði, sem hér kemur til athugunar að því er ákærða Tómas Jónsson snertir, er það eitt, sem hann var dæmd-

ur sekur um af aukaréttinum, að hafa haustið 1910 afmarkað óleyfilega og kastað eign sinni á veturgamla kind, er Konráð bóndi Arngrímsson á Ytri-Brekkum tjáist hafa átt, og eru nánari atvik þessa máls þau, er nú skal greina:

Haustið 1910, litlu eftir að fé var komið á gjöf, kom kind, veturgömul gimbur, saman við fé téðs Konráðs Arngrímssonar á Ytri-Brekkum, sem var með marki ákærða og bar það með sér, að hún var nýlega afmörkuð, en Konráð þóttist þekkja þar kind, er hann vantaði, og hirti hann kindina. En nokkrum dögum síðar kom ákærði að Ytri-Brekkum, sem er næsti bær við Syðri-Höfðali, þar er ákærði býr, og spurðist fyrir um, hvort hann ætti nokkuð þar. Sagði Konráð honum þá frá kindinni, en kvaðst eiga hana, þó að hún væri með marki ákærða. Ákærði neitaði því, að svo gæti verið, því að hann hefði enga kind afmarkað fyrir honum. Fekk ákærði ekki kindina og fór við svo búíð, og var hún hjá Konráði allan veturinn til vors, án þess að ákærði gengi frekar eftir henni. En þá um sauðburð um vorið gaf Konráð honum að fyrra bragði kost á að taka kindina, en þannig, að ákærði borgaði Konráði 40 krónur, og gekk ákærði að því. Kveðst Konráð hafa tekið svo háa borgun fyrir kindina af því, að hann hafi þózt þess fullvís, að fleiri kindur, er hann vantaði haustið áður, hefðu farið til ákærða, enda lofað ákærða á móti, að kæra hann ekki fyrir kindartökuna, en ákærði ber á móti því, að hann hafi hótað sér kæru, en kveðst hafa borgað 40 krónurnar að eins til að halda vináttu Konráðs.

Í fyrra haust, er rannsókn var hafin út af grunsemdum um sauðafjófnað gegn ákærða, var þetta kindartökumál einnig tekið til rannsóknar, en umþrætt kind var þá

að sögn ákærða dauð, hafði drepist vorið 1911, eða skömmu eftir að ákærði f-kk hana aftur frá Konráði. Ákærði kannast við það, að kind sú, sem um er að ræða, hafi verið afmörkuð undir sitt mark, og að hann hafi afmarkað hana þá um haustið, en hann heldur því fram, að hann hafi keypt kindina ásamt fleiri kindum á hreppaskilum þá um haustið af Skarphéðni Símonarsyni í Litladal, og afmarkað hana litlu síðar undan marki Skarphéðins undir sitt mark. En þó að ákærði haldi því þannig fram, að það hafi verið sama kindin, sem hann keypti af Skarphéðni og sú, sem hann deildi um við Konráð, þá virðist mega telja það sannað með skýrslum vitna, er höfðu athugað kindurnar og þektu þær vel, að þær hafa verið býsna ólíkar að mörgu leyti og ekki hægt að villast á þeim, enda er það talið alveg víst af vitnunum, þeim er skoðuðu mark ákærða á kindinni, sem Konráð eignaði sér, að ómögulegt sé að kind sú hafi verið mörkuð ákærða undan marki Skarphéðins og verið þó eigi lágeyrðari eftir en kind Konráðs var, en vel líklegt aftur á móti, að mark Konráðs hafi áður verið á henni. Skýrslur ákærða í málinu hafa einnig reynst í ýmsum atriðum afar ósennilegar, svo sem sá framburður hans, að hann hafi eigi skoðað markið á kindinni, er hann afmarkaði hana, og líkindi töluverð eru komin fram fyrir því, að kind sú, er ákærði keypti af Skarphéðni, hafi verið lifandi jafnvel löngu eftir að kind sú, er Konráð taldi sér, átti að hafa drepist hjá ákærða. Það hlýtur og að teljast mjög grunsamt, hvernig ákærði hagaði sér gagnvart Konráði, er hann galt honum margfalt meira verð fyrir kindina, en hún var verð, þar sem honum var þó innan handar að sanna heimild sína að kindinni og firra sig öllum

grun út af henni. Af því, sem nú hefir verið tekið fram, og öðrum atvikum, sem skýrt er frá í hinum áfrýjaða dómi, og þar sem ekki er nein ástæða til að ætla, að um misgrip hafi verið að ræða við afmörkun kindarinnar, verður að fallast á það álit undirdómarans, að ákærði hafi afmarkað sér kindina og kastað eign sinni á hana til þess að draga sér hana ólöglega, en hins vegar er ekki frekara upplýst um töku kindarinnar en svo, að hún verður að álitast hafa komið af hendingu í vörzlu hans, og ber þá að heimfæra brot hans, sem fæddur er 19. apríl 1886 og eigi hefir áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt laga-brot, að því undanskildu, að hann árið 1908 hefir verið sektaður um 30 kr. fyrir tíundarsvik, undir 250. gr. almennra hegningarlaga, en hegningin fyrir það þykir hæfilega metin af aukaréttardómaranum 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákærði Jón Jónsson er fæddur 18. september 1883 og hefir ekki fyr verið ákærður eða sektaður fyrir neitt afbrot, en það er sannað á hann með eigin játningu hans og öðrum skýrslum, að hann á jólaföstu veturinn 1911—'12 afmarkaði undir sitt mark og sló eign sinni á veturgamla kind, er var eign Björns Jónassonar á Framnesi. Hefir ákærði skýrt svo frá, að kind þessi hafi komið saman við fé sitt, án þess hann hafi nokkuð til þess gert að koma henni í sínar vörzlur, og hann hafi fyrst hitt hana fyrir í húsum sínum, og 1 eða 2 dögum síðar hafi vaknað hjá sér sú hugsun að draga sér hana og hann afmarkaði hana þá. Verður þetta brot ákærða að heimfærast undir 250. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin af aukaréttinum 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um iðgjöld er ekki að ræða,

með því að ákærði hefir greitt eigandanum andvirði kindarinnar.

Ákærða Stefáni Jónssyni, sem er fæddur 18. febrúar 1888 og eigi hefir sætt ákæru áður eða verið refsað fyrir nokkurt afbrot, hefir verið gefið það að sök, að er hann fyrir rétti 14. nóvbr. f. á. í máli þessu var krafinn sagna um það, er honum væri kunnugt um kind, er höfð hafði verið í heyllöðunni á Hofdölum syðri um tíma veturinn 1911—'12, en það var sama kindin, sem meðákærði Jón Jónsson hafði kastað eigu sinni á og getið er hér á undan, þá neitaði hann því fastlega, að hann vissi nokkuð um slíka kind og bauðst til að staðfesta þá neitun sína með eidi fyrir réttinum. En fyrir rétti 23. s. m. tók hann þennan framburð sinn aftur og gaf þá allitarlega skýrslu um kindina og verustaði hennar, og hefir hann á þennan hátt gert sig sekan í röngum framburði fyrir rétti.

Umrædda kind hafði meðákærði Jón Jónsson, eins og áður er sagt, slegið eign sinni á og afmarkað, og var henni því haldið leyndri í fyrnefndri heyllöðu, og vissi ákærði Stefán um þetta, enda tók þátt í hirðing kindarinnar í hlöðunni. Ákærði hefir ekki sérstaklega verið yfirheyrður um þetta atferli sitt, eða hvað honum hafi gengið til um hina röngu skýrslu sína fyrir réttinum, en það virðist ekki ástæðulaust að ætla, að hann hafi getað litið svo á, eins og á stóð, að málið varðaði sjálfan hann fyrir afskifti hans af kindinni og launung á henni. Þykir því eiga að heimfæra atferli ákærða undir 1. málsgr. 148. gr. alm. hegningarlaga, og með því að eigi kom til þess, að ákærði ynni eið að hinni röngu skýrslu sinni, ber að sýkna hann af ákæru sækjandans í málinu.

Af sakarkostnaðinum í héraði, öðrum en varðhalds-

kostnaði og málsvarnarlaunum, þeim er ákveðin eru í dómnum, sem hvor hinna ákærðu greiðir hvorttveggja að því er hann áhrærir, greiðir ákærði Tómas Jónsson $\frac{2}{3}$, en ákærði Jón Jónsson $\frac{1}{3}$. En málsvarnarlaun ákærða Stefáns Jónssonar í héraði, 10 krónur, greiðist af almannafé. Hinir ákærðu Tómas Jónsson og Jón Jónsson greiði og í sama hlutfalli og nú var nefnt (að $\frac{2}{3}$ og $\frac{1}{3}$) allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 20 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Stefán Jónsson á að vera sýkn af ákærum sækjandans í máli þessu. Um refsingu hinna ákærðu Tómasar Jónssonar og Jóns Jónssonar á aukaréttar-dómurinn að vera óraskaður. Af sakarkostnaðinum í héraði, öðrum en varðhaldskostnaði og málsvarnarlaunum þeim, er ákveðin eru í dómnum, sem hvor hinna ákærðu, Tómas Jónsson og Jón Jónsson, greiðir hvorttveggja að því er hann áhrærir, greiðir ákærði Tómas Jónsson tvo þriðju hluta, en ákærði Jón Jónsson einn þriðja. En málsvarnarlaun ákærða Stefáns Jónssonar í héraði, 10 krónur, greiðast af almannafé. Hinir ákærðu Tómas Jónsson og Jón Jónsson greiði og í sama hlutfalli og nú var nefnt

(að $\frac{2}{8}$ og $\frac{1}{8}$) allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 20 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október.

Nr. 13/1913.

Gísli J. Johnsen
 gegn
 Morten Skov.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Gísli J. Johnsen, konsúll í Vestmannaeyjum, höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu gegn skipstjóra Morten Skov frá Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til hegningar og málskostnaðarútláta fyrir að hafa lostið sig höfuðhöggi að ósekju í forstofunni í húsinu Godthaab þar í Eyjunum um nónbil á gamlársdag síðastliðinn, en með dómi tóðs réttar, uppkveðnum 28. febrúar þ. á., var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum í málskostnað 40 krónur. Þá var og með dóminum umboðsmaður stefnda fyrir gestaréttinum dæmdur í 20 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, að hálfu til landssjóðs, en að hálfu til fátækra sjóðs Vestmannaeyja. Dómi þessum